



Borgarráð

Reykjavík, 16. september 2025

MSS23020135

Erindisbréf - Neyðarstjórn Reykjavíkurborgar 2023-2026

Uppfært erindisbréf Neyðarstjórnar Reykjavíkurborgar 2023-2026 er lagt fram til kynningar.

Heiða Björg Hilmisdóttir
borgarstjóri

Hjálagt:

Uppfært erindisbréf Neyðarstjórnar Reykjavíkurborgar 2023-2026, dags. 16.09.2025



Reykjavík



ERINDISBRÉF

Neyðarstjórn Reykjavíkurborgar

Ábyrgðaraðili:

Borgarstjórinn í Reykjavík.

Hlutverk starfshóps:

Frumskylda Reykjavíkurborgar er að stuðla að öryggi og velferð borgaranna. Neyðarstjórn Reykjavíkurborgar hefur því hlutverki að gegna að samhæfa aðgerðir og grípa til neyðarráðstafana á hættustundu til að forgangsraða lögbundinni þjónustu og samfélagslega mikilvægri starfsemi. Ásamt því að tryggja almannaeið, lágmarka hugsanlegan samfélagslegan skaða og verja grunnstoðir í þjónustu borgarinnar til að halda uppi nauðsynlegri starfsemi. Að öðru leyti helst stjórnskipulag borgarinnar óbreytt og ber hver stjórnandi ábyrgð á sínum starfsvettvangi/sinni starfsstöð skv. hefðbundnu skipulagi.

Borgarstjóri er formaður neyðarstjórnar borgarinnar og er hún virkjuð á hættustundu sem nær bæði yfir hættustig sem og neyðarstig almannavarna. Neyðarstjórn er ætíð virkjuð á neyðarstigi og á hættustigi eftir þörfum. Neyðarstjórn hefur heimild til að taka ákvarðanir og stofna til útgjalda umfram það sem segir í fjárhagsáætlun enda sé um slík tilfelli að ræða að afgreiðsla þeirra þoli enga bið.

Borgarstjóri fer ásamt borgarráði með framkvæmdastjórn borgarinnar. Fagsvið, kjarnasvið, skrifstofur og fyrirtæki borgarinnar bera hvert í sínu lagi ábyrgð á þeirri þjónustu sem þau veita. Borgarráð veitir aðrar nauðsynlegar heimildir vegna sérstakra fjárútláta og er á hættustundu í viðbragðsstöðu þar sem nauðsynlegt getur verið að kalla til aukafundar.

Neyðarstjórn Reykjavíkurborgar starfar samkvæmt viðbragðsáætlunum og ber starfsmaður hennar ábyrgð á fundarboðun, undirbúningi funda og úrvinnslu í samráði við borgarstjóra. Skrifstofustjóri borgarstjórnar ber ábyrgð á fundarritun, fundargerðir eru samþykktar af neyðarstjórn og lagðar fram í borgarráði.

Neyðarstjórn skipa:

Borgarstjóri, formaður.

Borgarritari.

Sviðsstjóri umhverfis- og skipulagssviðs.

Sviðsstjóri velferðarsviðs.

Sviðsstjóri mannauðs- og starfumhverfissviðs.

Sviðsstjóri þjónustu- og nýsköpunarsviðs.

Sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs.

Sviðsstjóri menningar- og íþróttasviðs

Samskiptastjóri.

Varamenn:

Formaður borgarráðs.

Skrifstofustjóri borgarstjórnar.

Sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs.

Framkvæmdastjóri Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkurborgar.

Borgarlögmaður.

Mannréttindastjóri.

Starfsmaður:

Teymisstjóri þjónustu- og stjórnsýsluteymis skrifstofu borgarstjóra og borgarritara.



**Helstu samstarfsaðilar**

Unnið er með starfsfólki almannavarnanefndar höfuðborgarsvæðisins, aðgerðarstjórn höfuðborgarsvæðisins, öðrum neyðarstjórnnum sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu, ásamt öðrum stofnunum sem eiga við innan og utan Reykjavíkurborgar.

Starfstímabil:

Neyðarstjórn Reykjavíkurborgar starfi á tímabilinu 2023-2026.

Reykjavík, 16. september 2025

Heiða Björg Hilmisdóttir
borgarstjóri